

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1551
komudagur 16.3.2012

Reykjavík, 16. mars 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum, 508. mál

I. Almennt

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum, 508. mál. SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja koma á framfæri við atvinnuveganefnd eftirfarandi athugasemdum.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið leituðu SVP til umboðsmanns Alþingis um mitt ár 2010 og kvörtuðu yfir þremur reglugerðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um tollkvóta vegna innflutnings á ákvæðnum landbúnaðarvörum. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis var, eins og greint er frá í umræddum athugasemdum, að þær heimildir sem ráðherra eru veittar til álagningar tolla samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 3. mgr. 12. gr. sömu laga, sbr. 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, væru ekki í samræmi við þær kröfur um skattlagningarheimildir sem leiðir af ákvæðum 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar taldi umboðsmaður ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um stjórnsýslulega meðferð ráðherra á þeim valdheimildum sem honum eru fengnar í lögum til þess að úthluta tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum í ljósi framangreindrar niðurstöðu sinnar.

Þá benda SVP á að umboðsmaður Alþingis er með til umfjöllunar kvörtun SVP yfir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi ekki auglýst tollkvóta vegna innflutnings á lambakjöti og matareggjum. Til upplýsingar þá hafa umræddar vörur aldrei verið auglýstar frá upphafi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, áskoranir og fyrirspurnir um slíkt. Hefur umboðsmaður Alþingis nú þegar leitað eftir athugasemdum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis vegna þessa máls en niðurstaða umboðsmanns liggur ekki fyrir. Það er því ljóst að meint brot ráðherra gagnvart málaflokki þessum er víða að finna og því varhugavert að fullyrða að frumvarp það sem nú er til umfjöllunar taki á allri þeirri stjórnsýslulegu slagsíðu.

Forsaga þessa máls og undirliggjandi hagsmunir eru þess eðlis að aðildarfélög SVP hafa verulegan hag af því að vandað verði til verka og komið verði í veg fyrir þá stjórnsýslulegu slagsíðu sem framkvæmd þessa mála hefur sannarlega litast af hingað til.

Í kjölfar framangreinds álits umboðsmanns Alþingis var skipaður starfshópur til að fjalla um álitid og gera tillögur að breytingum á ákvæðum tollalaga og laga um framleiðslu, sölu og verðlagningu á búvörum, að teknu tilliti til athugasemda umboðsmanns og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Af gefnu tilefni gagnrýna SVP að samtökin, eða aðrir hagsmunaaðilar, hafi ekki átt aðkomu að umræddri vinnu né heldur hafi verið óskað upplýsinga eða athugasemda vegna þeirrar vinnu. Af þessu má ráða að ekki hafi

verið talin þörf á að leita athugasemda þeirra aðila sem nýta sér umrædda tollkvóta og hafa verulega hagsmuni af því að framkvæmdin við úthlutun þeirra verði hafin yfir allan vafa. Telja SVP slík vinnubrögð vera verulega ámælisverð og ekki bera vott um vandaða stjórnsýslu. Í þessu samhengi vísa SVP til handbókar um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, sem gefin var út árið 2007 af forsætisráðuneyti, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis. Í kafla 4.3 handbókarinnar er kveðið á um samráð við hagsmunaaðila og almenning við undirbúning að gerð frumvarpa. Verður að telja að frumvarp þetta, sem m.a. er tilkomið vegna brota stjórnvalda gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, þ.e. æðstu réttarheimildar í íslensku réttarríki, hafi það mikil áhrif á hagsmuni þeirra sem nýta sér umrædda kvóta að nauðsynlegt hafi verið að framfylgja leiðbeiningum handbókarinnar um samráð.

Að mati SVP ætti það að vera kappsmál fyrir frumvarpshöfunda að vanda vel til verka enda, eins og áður kom fram, er um að ræða viðbrögð við staðfestum brotum gegn stjórnarskrá.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að markmið þess sé að takmarka eins og kostur er, í samræmi við athugasemdir umboðsmanns Alþingis, þau matskenndu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt við ákvörðun um úthlutun tollkvóta og kveða skýrt á um tollprósentu sem vörur sem fluttar eru inn á grundvelli tollkvóta skuli vera þannig að ákvæðin fái staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. SVP áréttar hins vegar að kvörtun samtakanna varðandi einnig meinta stjórnsýslulega slagsíðu varðandi framkvæmd og meðferð ráðherra á umræddum valdheimildum umfram framangreint brot ráðherra samkvæmt álitum umboðsmanns Alþingis. SVP telja því verulega skorta á að tekið almennt verði til endurskoðunar stjórnsýsluleg framkvæmd varðandi úthlutun tollkvóta með hliðsjón af þjóðréttarlegum samningsskuldbindingum íslenska ríkisins gagnvart samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Telja SVP bagalegt að slík heildarendurskoðun hafi ekki farið fram af þessu tilefni.

II. Viðaukar við tollalög

Í umræddu frumvarpi til laga er vísað til viðeigandi viðauka við tollalög og er ástæða til áréttar hvað þessir viðaukar kveða á um. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er í viðaukum IIIA og B tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun WTO sem skylt er að úthluta árlega. Hins vegar segir ekki með jafn skýrum hætti hvert er inntak annarra viðauka sem þar er vísað til og meginþorri þeirra breytinga sem í frumvarpinu eru lagðar til varða. Til upplýsingar benda SVP því á að í viðaukum IVA og B er kveðið á um tollkvóta sem heimilt, en ekki skylt, er að leyfa innflutning á.

Telja SVP mikilvægt að höfð sé hliðsjón af því hvaða viðaukar eru undirorpnir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu og því er ætlað að skýra framkvæmdina varðandi úthlutun á. Snúa þær breytingar því að mestu leyti að þeim viðaukum tollalaga sem heimilt er að bjóða út, en ekki skylt.

III. Athugasemdir við einstök ákvæði

I. Kafla frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nágildandi ákvæði 1.-3. mgr. 65. gr. A búvörulaga verði skipt út fyrir fjórar nýjar málsgreinar. Markmið þessara breytinga er að tryggja að ákvörðun um þá tollkvóta samkvæmt viðauka IVA og B við tollalög sem heimilt er, en ekki skylt, að leyfa innflutninga grundvallast af hlutlægum skilyrðum en ekki huglægum eins og áður hefur

verið. Er m.a. lagt til að ráðherra verði framvegis skylt, sbr. tilvísun til „skal“, að fara að tillögum ráðgjafanefndar þeirrar sem kveðið er á um í 87. gr. laganna. Telja SVP að slíkt sé til bóta, þ.e. að ákvarðanir ráðherra verða þannig ekki undirorpnar huglægu mati viðkomandi ráðherra hverju sinni.

Hins vegar benda á SVP að ekki má ráða af frumvarpinu, né heldur athugasemdum við það, með hvaða hætti hið svokallaða „90% viðmið“ ákvæðisins er tilkomið. Ekki er því ljóst á hvaða grundvelli umrætt viðmið var ákvarðað né heldur hvort ástæða hefði verið að lækka það enn frekar. Ítrekast að um er að ræða háan þroskuld sem þarf að yfirstíga svo unnt verði að beita þeirri tilhögun um úthlutun tollkvóta sem lagt er til í ákvæðinu. Með sanni má segja að umrætt prósentuviðmið kunni eftir atvikum að fela í sér ákveðna tæknilega hindrun fyrir innflutningi á grundvelli tollkvóta samkvæmt viðaukum IVA og B. SVP gagnrýna umræddum viðmiðum sem órökstuddum og óútskýrðum viðmiðunum.

SVP benda á að í markmiðsákvæðum landbúnaðarsamnings WTO segir að eitt af markmiðum hans er að koma á réttlátu viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarvörur sem miðast við þarfir markaðarins. Markmið þetta er að draga verulega og í síauknum mæli úr stuðningi og vernd í landbúnaði á umsömdu tímabili í þeim tilgangi að leiðrétta og koma í veg fyrir takmarkanir og röskun á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Ekki er ljóst hvernig umrætt „90% viðmið“ samræmast þessu markmiði landbúnaðarsamnings WTO.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á núgildandi 87. gr. laganna að ráðgjafarnefnd samkvæmt ákvæðinu verði gert skylt að gera tillögur til ráðherra um nánar tilgreind atriði. Er breyting þessi til samræmis við þá breytingu í 1. gr. frumvarpsins að ráðherra verði gert skylt að fara að ráðgjöf nefndarinnar. SVP fagna þeirri breytingu sem viðleitni í þá átt að draga úr huglægu mati ráðherra varðandi úthlutun á tollkvótum.

Að mati SVP eru tillögur þær sem lagðar eru til í kafla þessum óásættanlegar með öllu og leggjast samtökin alfarið gegn þeim.

II. kafli frumvarpsins

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til einstaka breytingar á núgildandi ákvæði 12. gr. tollalaga, þ.e. ákvæði laganna sem varðar úthlutun á tollkvótum sem landbúnaðarráðherra úthlutar. Ber þar fyrst að nefna að lögð er til sú breyting að tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar miðað við SDR/kg. eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögunum. Með þessu er því lagt til að vörur þær sem íslenska ríkinu er skylt að heimila innflutning á verði framvegis miðaður við tollabindingu í SDR á hvert kílógramm innfluttrar vöru.

Í athugasemdum við ákvæðið má ráða að breyting þessi sé á þá vegu að magnbinda tollkvóta en ekki verðbinda þá eins og framkvæmdin hefur verið frá árinu 2009. Hins vegar benda SVP á að slík framsetning sé veruleg einföldun á þeirri breytingu sem ætlað er að taka gildi. Með bindingu við SDR er því viðhaldið ákveðinni tengingu við verðlag sem tekur m.a. breytingum með hliðsjón af gengisþróun. Til upplýsingar er rétt að benda á þróun gengis SDR frá árinu 2005 til dagsins í dag. Eftirfarandi samantekt byggist á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands og er miðað við skráð sölugengiengi SDR í byrjun marsmánaðar á hverju ári.

2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
93.32	93,54	100,18	106,03	166,38	197,08	182,79	194,79

Það er því ljóst að tollar á innfluttar vörur með hliðsjón af SDR/kg. felur í sér ákveðna verðtengingu sem varla getur talist hagstæð gagnvart innflutningi á vörum enda er SDR ávallt undirorpið breytingum sökum gengisþróunar hverju sinni, og þar af leiðandi ígildi verðtengingar. Vaknar því sú spurning hvort slíkar álögur teljist tæknilegar hindranir í skilningi samningsins um WTO og því um leið brot gegn samningsskuldbindingum íslenska ríkisins. Í það minnsta má draga þá ályktun að sú leið sem boðuð er í frumvarpi þessu dragi verulega úr því tollahagræði sem íslenska ríkið er skuldbundið til að veita varðandi tiltekið magn af tilteknum innfluttum vörum.

Til viðbótar er rétt að ítreka að ekki hefur eingöngu gengi SDR hækkað verulega frá árslokum 2008 heldur hefur verð á erlendum landbúnaðarvörum nærri tvöfaldast í innkaupum innlendra aðila samhliða falli íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Því blasir við sá veruleiki að innkaup á erlendum vörum hafa farið langt fram úr því sem eðlilegt má teljast og því til viðbótar er hér lagt til að verðtengja tollkvóta við hækkingu SDR gengi. Að óbreyttu mun slíkar álögur á innfluttar kjötvörur draga veruleika á áhuga innlendra aðila til að nýta sér umrædda tollkvóta. Mun slíkt óhjákvæmilega raska samkeppni á innlendum markaði með tilheyrandi óhagræði fyrir neytendur.

Til frekari glöggvunar er rétt að benda á þróun útsöluverðs einstakra landbúnaðarvara á sama tímabili og framangreindar breytingar á gengi SDR, þ.e. á árunum 2005-2012. Þess ber að geta að eftirfarandi tölur eru sóttar af heimasíðu Hagstofu Íslands og eru miðaðar við verðlag í marsmánuði hvers árs. Samantektin er miðuð við krónur á hvert kílógramm.

Vöruflokkur	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Nautakjöt, gúllas	1648	1661	1502	1835	1730	1846	1830	2160
Svínakjöt, kótelettur	934	1165	1247	1214	1410	1178	978	1382
Brauðostur 26%	973	987	993	960	1209	1253	1155	1217
Egg	411	411	440	433	518	549	602	628

Eins og framangreind samantekt ber með sér er þróun á gengi SDR ill samræmanleg þróun á verðlagi einstakra vörutegunda og því er tenging við SDR óheppilegur valkostur.

Þá má einnig benda á til samanburðar að frá árinu 2005 til ársins 2012, miðað við febrúar, hefur vísitala neysliverðs hækkað úr 239,7 í 391 samkvæmt fyrirliðgjandi upplýsingum á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Þá telja SVP að það fyrirkomulag sem lagt er til með umræddu frumvarpi taki ekki tillit til markaðsaðstæðna og svigrúm til að bjóða í hugsanlega kvóta, sér í lagi með hliðsjón af því af samspili kvóta á grundvelli samningsins um WTO og tollkvóta samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur. Samkvæmt umræddu samkomulagi er heimilt að flytja inn án tolla tiltekið magn landbúnaðarvara frá ríkjum ESB en að því magni slepptu er slíkur innflutningur bundinn við 40% lægri tolla en almennir tollar. Þess ber þó að geta að þessi 40% taka eingöngu til kjöts en ekki annarra landbúnaðarafurða. Vekur slíkt upp spurningar hvort íslenska ríkið sé með fullnægjandi hætti að stuðla að tollahagræði varðandi innflutning á vörum á grundvelli samningsins um stofnun WTO. Kemur þá einnig til skoðunar hvort samningsskuldbindingar gagnvart WTO feli í sér að tollar á grundvelli þess samnings skuli ávallt vera lægri en almennir tollar, þ.m.t. umræddir ESB tollar.

Að teknu tilliti til þeirra tillagna sem fram koma í frumvarpinu má til upplýsingar varpa fram áhrifum þess á t.d. innflutning á kjúkling. Með hliðsjón af reiknireglu þeirri sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins má ráða að tollkvóti á þá vöru verður um 290 kr./kg, miðað við núverandi gengi. Til viðbótar við þessa tölu mun svo í kjölfarið leggjast sú upphæð sem viðkomandi aðili mun bjóða í það magn sem heimilað verður að flytja inn. Því er ekki ólíklegt að sú staða kunni að koma upp að umræddur tollkvóti, með álagningu og útboðsálagi, verði ekki ósvipað almennum tolli á umrædda vöru. Enn og aftur kann það að draga úr áhuga á bjóða í umrædda tollkvóta ef verð á hvern tollkvóta er hærra en innflutningur á kjöti frá ESB að teknu tilliti til 40% lægri tolls.

Að mati SVP hefur við undirbúning þessa frumvarps algjörlega skort að gæta að samráði við hagsmunaaðila og um leið kanna hver áhrif þessa frumvarps kunna að vera á vilja og getu aðila til að nýta sér umrædda tollkvóta.

SVP leggjast gegn þeim tillögum sem hér eru lagðar til og gagnrýna samtökin harðlega öllum skorti á samráði við undirbúning framangreindra tillagna.

Til viðbótar framangreindu er það einnig krafa SVP að þess verði gætt að við úthlutun á tollkvótum, hvort sem um er að ræða kvóta sem heimilt eða skylt er að bjóða út, verði innlendum framleiðendum óheimilt að bjóða í þá kvóta sem standa til boða. Er það einlæg trú SVP að með slíkum hætti verði tryggt að samkeppni á kjötmarkaði komist á með auknu framboði hér á landi.

Þessu til stuðnings benda SVP á að innlendir framleiðendur eru virkir þátttakendur við útboð á tollkvótum sem dregur úr því svigrúmi sem innflytjendur hafa til að bjóða í kvótana enda hefur slíkt áhrif á dreifingu þeirra kvóta sem standa til boða. Því kunna innflytjendur og birgjar að vera háðir innlendum framleiðendum varðandi framboð á kjötvörum, bæði innlendum sem og erlendum. Hefur slíkt um leið verulega skaðleg áhrif á verðmyndum á innlendum kjötmarkaði þar sem ítök innlendra framleiðenda, bæði varðandi innlenda framleiðslu sem og innfluttar vörur, verða meiri en ella.

Til frekari glöggvunar á þessu atriði má benda á reglulega úthlutun svokallaðra ESB tollkvóta. Þannig var t.d. úthlutað alls 200.000 kg. af frystu svínakjöti (0203) fyrir tímabilið janúar – desember 2012. Af þessum 200.000 kg. var 181.818 kg. úthlutað til eins og sama innlenda framleiðandans og tengdra fyrirtækja. Er um að ræða um 90,9% af þeim tollkvóta fyrir umrætt tímabil. Tímabilið þar á undan var úthlutað 100.000 kg. af frystu svínakjöti (0203, 2100 og 0203.22xx). Var alls 79.143 kg. úthlutað til tveggja innlendra framleiðenda og tengdra aðila, eða alls 79,1% af þeim kvóta það tímabil.

Þá var fyrir tímabilið janúar – desember 2012 úthlutað alls 80.000 kg. af osti og ystingi og var alls 30.000 kg. af 80.000 kg. úthlutað til eins og sama innlenda framleiðandans, eða alls 37,5%.

Eins og framangreint ber með sér eru innlendir framleiðendur og tengd fyrirtæki því virkir þátttakendur, og ráðandi innan einstakra tollflokka, í útboðum á tollkvótum sem að verulegu leyti raskar allri samkeppni á innlendum kjötmarkaði.

IV. Neysluviðmið

Af gefnu tilefni vilja SVP koma á framfæri gagnrýni samtakanna á að við ákvörðun tollkvóta á innfluttum landbúnaðarvörum er stuðst við neysluvið frá árunum 1986-1988, það er 24-26 ára neysluviðmið. Það er óþarfi að fara nánar út í það hvernig innlend neysla og val á landbúnaðarvörum hefur tekið gífurlegum breytingum frá þeim tíma sem umrædd neysla er miðuð við. Að mati SVP er því viðhaldið verulega einsleitri viðmiðum sem harla getur talist til bóta gagnvart bæði innflytjendum sem neytendum. Er hér ekki um að ræða viðmið sem endurspeglar raunverulega neyslu hér á landi heldur eingöngu um sagnfræðilega heimild að ræða.

Til skýringar eru meðfylgjandi erindi þessu þrjár skýringarmyndir þar sem varpað er fram núverandi viðmiðum varðandi einstaka vöruflokka til samanburðar viðmið sem væru annars vegar 3% af núverandi heildarneyslu og hins vegar 5% af núverandi heildarneyslu. Eins og sjá má af þessum myndum hefur magn innfluttrar matvöru samkvæmt WTO-tollkvótum ekki fylgt innanlandsneyslu sem hefur sannarlega aukist á því tímabili sem þar er varpað upp.

Mæla SVP eindregið með að leitað verði leiða til að bæta úr þessum ágalla.

V. Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara

Eins og að framan greinir þá eru lagðar til einstaka breytingar á hlutverki ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Lögbundið hlutverk nefndarinnar er að afla allra upplýsinga um verð á viðkomandi landbúnaðarvörum innan lands og utan, framleiðslumagn, innflutning og útflutning og annað sem nauðsynlegt er vegna starfa hennar og gera tillögur til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þau verkefni sem henni eru falin.

Að mati SVP er mikilvægt til að tryggja fagleg vinnubrögð nefndarinnar og að hún afli upplýsinga frá hagsmunaaðilum hér á landi er varða starfssvið og lögbundið hlutverk hennar. Hins vegar liggur fyrir að nefndin hefur eigi séð hag sinn í því að leita upplýsinga til hagsmunaaðila, í það minnsta eigi til aðildarfélagi SVP sem þó telja stóran hluta hagsmunaaðila á þessu sviði. Í ljósi þessa telja SVP að draga megi stórlega í efa að ráðleggingar nefndarinnar byggist að öllu leyti á fullnægjandi upplýsingum hverju sinni. Í það minnsta munu störf nefndarinnar eigi verða hafin yfir allan vafa í óbreyttri mynd og án samráðs við hagsmunaaðila.

Í ljósi þessa sem og auknu mikilvægi nefndarinnar, verði frumvarp þetta að lögum, er það skýr krafa SVP að samtökunum verði tryggð aðild að umræddri nefnd. Er það mat SVP að ekki sé unnt að tryggja að nefndin, í óbreyttri mynd, muni taka fullt tillit til hagsmuna innflytjenda varðandi ákvörðun um innflutning á landbúnaðarvörum. Telja SVP slíkt samráð ekki eingöngu koma innflytjendum til bóta heldur einnig neytendum sem og til að stuðla að aukinni samkeppni á innlendum markaði.

Þá er mikilvægt að tryggt verði, í anda opinnar og gagnsæjar stjórnsýslu, að gögn sem verða til á fundum nefndarinnar verði gerð aðgengileg almenningi. Með slíku væri unnt að tryggja fagleg vinnubrögð sem og störf nefndarinnar verði hafin yfir hugsanlega vafa.

Með því að tryggja ekki aðild SVP að umræddri nefnd er enn og aftur verið að koma í veg fyrir að raddir hagsmunaaðila muni hafa áhrif á ákvörðunartöku varðandi innflutning á landbúnaðarvörum á innlendan markað.

VI. Flækjustig tollkvóta

Verði umrætt frumvarp samþykkt óbreytt liggur fyrir að viðhaldið verður flóknu tollakerfi varðandi innflutning á vörum í samræmi við viðauka tollalaga, þ.e. magntollar á tilteknar vörur, tenging við SDR varðandi aðrar og svo mismunandi prósentur af enn öðrum. Er það engum vafa undirorpið að flækjustigið er mikið og dregur slíkt verulega úr gagnsæi þessara tolla.

Telja SVP að það yrði til mikilla bóta að taka umrætt tollkerfi til heildarendurskoðunar og í samræði við hagsmunaaðila í stað þess að henda til í flýti tillögum þeim sem lagðar eru til í frumvarpi þessu.

VII. Aðrar breytingar

Eins og áður hefur komið fram leggur frumvarp þetta til breytingar á bæði búvörulöggjöf og tollalögum. Þeim er ætlað að koma til móts við áður nefndar ábendingar umboðsmanns Alþingis en leggja ekki til aðrar umbætur á núverandi kerfi umfram það. Hins vegar liggur fyrir að frekari breytinga er þörf til að sporna gegn þeim innflutningshömlum á landbúnaðarvörum sem viðhaldið hefur verið af íslenskum stjórnvöldum og eru illsamræmanlegar skuldbindingum íslenska ríkisins, þ.m.t. samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á banni við innflutningi á ferskum kjötvörum frá EES-rikkjum, sbr. 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. Þegar matvælalöggjöf EES var innleidd í íslenskan rétt var sú ákvörðun tekin af þáverandi landbúnaðarráðherra að leggja fram frumvarp þar sem viðhaldið er innflutningsbanni á fersku kjöti. Var þar um að ræða stefnubreytingu frá forvera hans sem hafði áður lagt fram sambærilegt frumvarp þar sem þó var opnað á umræddan innflutning.

SVP hafa þegar sent erindi til ESA þar sem kvartað er yfir umræddu banni enda er slíkt bann ekki í samræmi við meginreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins sem og með því banni er verið að koma á innra landamæraeftirliti sem óheimilt er samkvæmt samningum.

SVP telja mikilvægt að samhliða þeim breytingum sem lagðar eru á framkvæmd innflutnings í frumvarpi þessu verði einnig tekið til skoðunar hvort tilefni sé til að aflétta því innflutningsbanni sem ranglega er viðhaldið varðandi innflutning á fersku kjöti þvert á skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þess ber að geta í þessu samhengi að útflutningur á fersku kjöti frá Íslandi er samkvæmt núgildandi löggjöf þrátt fyrir umrætt innflutningsbann. Athygli atvinnuveganefndar er vakin á því að þegar liggja fyrir umsagnir og önnur gögn er varða þetta mál þar sem frumvarp til innleiðingar á framangreindri matvælalöggjöf var lagt fram fimm sinnum á liðnum fjórum árum.

VIII. Niðurlag

SVP gera alvarlegar athugasemdir varðandi undirbúning frumvarpsins og allan skort á faglegu samræði við hagsmunaaðila. Þá telja samtökin frumvarp þetta ganga mun skemur í úrbótum á fyrirkomulagi tollkvóta en nauðsyn stendur til.

Að mati SVP er það mikið hagsmunamál fyrir neytendur jafnt sem innflytjendur að atvinnuveganefnd taki málefni þessi til gaumgæfilegrar skoðunar enda mun samþykkt þessa

frumvarps í óbreyttri mynd hafa verulega skaðleg áhrif á þennan málaflokk. Telja SVP að frumvarpið muni sérstaklega skaða neytendur í formi hærra vöruverðs og minna vöruúrvals.


Þá telja SVP að mikilvægt er að Alþingi taki til skoðunar við meðferð þessa máls þá stjórnábyrgð slagsíðu sem er á fyrirkomulagi þessa málaflokks, sem og hið meinta brot á samningsskuldbindingum íslenska ríkisins gagnvart samningum um Evrópska efnahagssvæðisins sem einhliða innflutningsbann á fersku kjöti felur í sér.

Að öllu framangreindu virtu leggjast SVP alfarið gegn lögfestingu þessa frumvarps í núverandi mynd. Er það einlægt mat SVP að frumvarpið hafi verulega skaðleg áhrif á innflytjendur, neytendur og sér í lagi samkeppni á innlendum markaði.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri




Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir árlega neyslu á alifugla-, nauta- og svínakjöti og WTO-kvóta (3 skjöl)

Alifuglajakjöt WTO kvóti




Árleg kjötneysla á íbúa

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Alifuglajakjöt	11,5	13	15	18,8	17,9	20,3	21,4	24	25,1	23,5	23,9

Íbúatala miðast við meðalmannfjölda hvers árs.

Nautakjöt WTO kvóti




Árleg kjötneysla á íbúa

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Nautakjöt	12,9	12,9	12,8	12,5	12,4	12	10,5	11,5	12,5	12,3	12,7

Íbúatala miðast við meðalmannfjölda hvers árs.

Svínakjöt WTO kvóti



Árleg kjötneysla á íbúa

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Svínakjöt	17	18,5	20,1	20,6	18,7	17,9	18,9	19,6	21,9	20,5	19,4

Íbúatala miðast við meðalmannfjölda hvers árs.